



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 3/2026

Dagsetning: 16.4. 2026 kl. 15:00

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Camille Leblanc (CL), Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG) og Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi. Sveinn Margeirsson (SM) tilkynnti forföll og ekki náðist á Berglindi Viktorsdóttir (BV) varafulltrúa hans fyrir fundinn. JEH vék af fundi kl. 16:45 og GJS stuttu seinna. Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 121. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 121
- 2) Fundargerð fundar nr. 120
- 3) Kynning á starfi rannsóknasviðs HH – Eva Küttner, rannsóknastjóri kemur inn á fundinn.
- 4) Umsókn frá ÖGP um rannsóknmisseri – Eva Küttner, rannsóknastjóri kemur inn á fundinn.
- 5) Fréttir úr starfi skólans
- 6) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 7) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 8) Endurreisn Hóla í Hjaltadal.
- 9) Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Dagskrádrög** fundar nr. 121. Samþykkt.
2. **Fundargerð** fundar nr. 120. Samþykkt.
3. **Kynning á starfi rannsóknasviðs HH.** Eva Küttner, rannsóknastjóri kom inn á fundinn og sagði frá starfsemi rannsóknasviðs HH.
4. **Umsókn frá Önnu Guðrínu Þórhallssdóttur, prófessors í Ferðamáladeild um rannsóknamisseri.** Eva Küttner kom inn á fundinn og greindi frá umsókn ÖGP um rannsóknamisseri fyrir skólaárið 2026-27. Umsóknin var samþykkt samhljóða.
5. **Fréttir úr starfi skólans.** Rektor fór yfir fréttir úr starfi skólans. Framkvæmdastjóri mun hætta um næstu mánaðarmót. Verkefni framkvæmdastjóra verða leyst af öðru starfsfólki stoðsviðs þar til línur varðandi nýtt starf yfirmanns stoðsviðs skýrast. Á meðan sinnir Sigríður Huld Jónsdóttir stjórnun stoðsviðs HH. Starf kennslustjóra hefur verið auglýst. Annars er skólastarf með hefðbundnu sniði.
6. **Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH.** Stýrihópar beggja skóla funduðu á þriðjudaginn um m.a. stjórnskipulag aðildarháskóla og minnisblað MNH ráðuneytis til Allsherjar og



menntamálanefndar vegna umsagna sem bárust til nefndarinnar v. frumvarps um breytingu á lögum um opinbera háskóla (háskólasamstæða).

7. **Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH.** Rektor vitnaði í minnisblað MNH ráðuneytis til Allsherjar og menntamálanefndar vegna umsagna sem bárust til nefndarinnar. Þar er fjallað um húsnæðismál HH og segir m.a. að fjármagn fyrir innviði og rekstur lagareldishúss á Sauðárkróki séu tryggðir og að fjármagn í kennslu- og rannsóknahúsnæði á svæði Hestafræðideildar sé í fjármálaáætlun ríkistjóranarinnar. Einnig segir í minnisblaðinu að kaup á Brúnastöðum séu í ferli innan MNH ráðuneytisins.
8. **Endurreisn Hóla í Hjaltadal.**

Fyrir háskólaráð HH er lögð fram yfirlýsing frá fundi íbúa og velunnara Hóla í Hjaltadal og Háskólans á Hólum sem haldinn var 11. mars sl. Í yfirlýsingunni eru settar fram nokkrar kröfur, m.a. þá að ríkið, Háskólinn á Hólum og sveitarfélagið Skagafjörður vinni í sameiningu, með íbúum, að því að umhverfi Hólastaðar komist til þess vegs og virðingar sem sómi er að. Háskólaráð Háskólans á Hólum þakkar fyrir senda yfirlýsingu frá fundi íbúa og velunnara Hóla í Hjaltadal og samþykkja 5 fulltrúar af 6 sem sátu fundinn eftirfarandi bókun. Bókunin var borin undir Svein Margeirsson, sem boðað hafði forföll og samþykkti hann einnig bókunina í tölvupósti:

Háskólinn á Hólum hefur allt frá stofnun viljað að Hólastað sé sýnd virðing og að staðurinn skipi þann sess innan íslenska ríkisins sem honum ber, sem einn helgasti og merkilegasti þjóðmenningarstaður á Íslandi.

Í ljósi þeirrar umræðu sem nú er um Hólastað telur háskólaráð rétt að rifja upp þær breytingar á lögum sem orðið hafa frá aldamótum og hafa haft áhrif á skuldbindingu Háskólans á Hólum um að annast staðarhald á Hólastað.

Lengi vel annaðist skólinn á Hólum staðarhald á Hólastað enda bar Hólaskóla skv. reglugerð um Hólaskóla nr. 244/2003 að annast staðarhald og varðveita menningararf staðarins. Reglugerðin var sett með vísan í lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu en þau lög féllu úr gildi með setningu laga nr. 56/2013. Reglugerðin er þar með ekki lengur með stoð í lögum og því verður að líta svo á að hún sé fallin úr gildi. Í nýju lögunum eru ekki ákvæði um að skólinn skuli annast staðarhald á Hólum. Í fjárveitingum til skólans undanfarin ár hefur ekki verið gert ráð fyrir fjármagni til nauðsynlegs viðhalds á húsakosti skólans, þar með talið aðalbyggingarinnar sjálfrar og er nú svo komið að hún er, a.m.k. að hluta, talin heilsuspillandi. Brýnt er að hið fyrsta verði ráðist í nauðsynlegar endurbætur á byggingunni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um Háskólann á Hólum frá árinu 2014 „Skýrsla til Alþingis: Eftirfylgni-Hólaskóli-Háskólinn á Hólum“ kemur fram: „Ríkisendurskoðun benti á að samkvæmt reglugerð frá árinu 2003 teldist staðarhald á Hólum til verkefna Hólaskóla. Slíkt samræmdist illa hlutverki hans sem háskólastofnunar. Mikilvægt væri því að ráðuneytið beitti sér fyrir að samkomulag næðist fljótt við Sveitarfélagið Skagafjörð um að það tæki yfir lögbundna þjónustu við þéttbýlið Hóla og að það semdi við þrjú önnur ráðuneyti sem koma að staðarhaldinu um skiptingu kostnaðar sem því tengist. Í viðbrögðum við þessari ábendingu árið 2011 sagðist mennta- og menningarmálaráðuneyti stefna að samkomulagi fyrir lok þess árs um skilgreiningu á staðarhaldi og kostnaðarskiptingu þannig að staðarhald yrði aðgreint frá



háskólastarfsemi. Unnið væri að breytingum á lögum um að Hólaskóli félli undir lög um opinbera háskóla. Þar með yrði staðarhald ekki lengur lögbundið verkefni skólans. Árið 2014 upplýsti ráðuneytið að það hefði unnið að gerð samnings við Sveitarfélagið Skagafjörð um að þjónusta við þéttbýlið á Hólum yrði í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga í stað þess að skólinn kostaði þjónustuna. Ein forsenda þess væri þó að gerðar yrðu aðkallandi úrbætur á fráveitukerfi staðarins á grundvelli fyrirbyggjandi úttektar á ástandi og kostnaðarskiptingu. Sveitarfélagið teldi að ríkissjóður ætti að greiða þær og að það tæki síðan yfir forræði á skipulags- og fráveitumálum, gatnagerð o.fl. vegna þéttbýlisins á Hólum. Að sögn ráðuneytisins vann starfshópur á árinu 2012 á vegum þess og fjármála- efnahagsráðuneytis að málefnum Hólaskóla en sú vinna leiddi ekki til sameiginlegrar niðurstöðu. Viðræður hafi legið niðri síðan.“

Í september 2017 gaf Ríkisendurskoðandi út aðra skýrslu til Alþingis: „Eftirfylgni: Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 2017“ þar sem fram kemur: „Loks hafa forsendur skapast fyrir aðgreiningu á skóla- og staðarhaldi á Hólum og hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að gengið verði frá þessu samkomulagi sem fyrst þannig að aðskilja megi skólalald og staðarhald á Hólum.“ Af ofangreindu að dæma er það ekki lögbundið hlutverk Háskólans á Hólum að annast staðarhald á Hólastað.

Við rektorsskipti í júní 2022 var nýjum stjórnendum ljóst að ekki var lengur unað við stöðu staðarhalds á Hólum innan þeirra fjárheimilda og lagaramma sem háskólanum var settur. Aðgreining staðarhalds frá skólalaldi var nauðsynleg svo hvoru tveggja gæti vaxið og dafnað svo sómi væri af. Háskólinn á Hólum undir forystu nýs rektors hefur unnið heilshugar að því í samstarfi við sveitarfélagið Skagafjörð og nokkur fagráðuneyti að greiða úr þeirri flækju sem hefur verið um utanumhald Hólastaðar og þeirra menningarverðmæta sem þar eru. Haustið 2022 var sótt um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða með það að markmiði að endurreisa þjóðmenningarstaðinn Hóla. Styrkurinn hlaust og var unnin skýrsla í framhaldinu sem var afhent stjórnvöldum vorið 2024. Í framhaldinu skipaði forsætisráðuneytið starfshóp um framtíðarskipulags Hóla í Hjaltadal sem skilaði minnisblaði um haustið 2024. Í minnisblaðinu eru gerðar þrjár tillögur er snúa að; 1) starfsemi og húsakosti Háskólans á Hólum, 2) byggð á Hólum, innviðir og þjónusta við starfsemi og íbúa og að lokum 3) uppbygginu Hóla sem áfangastaðar. Minnisblaðið var lagt fyrir ríkistjórn Íslands í mars 2025 sem skipaði framkvæmdahóp sem í sátu fulltrúar frá 4 fagráðuneytum. Sá hópur hefur skilað af sér minnisblaði til forsætisráðuneytisins. Háskólinn er nú í viðræðum við Háskóla Íslands um myndun háskólasamstæðu þar sem áætlað er að efla Háskólann á Hólum sem sérhæfðan háskóla á landsbyggðinni. Þessi efling felst m.a. í uppbyggingu á sérhæfðu kennslu- og rannsóknahúsnæði, bæði á Hólum og á Sauðárkróki. Einnig eru fyrirhuguð kaup á Brúnastöðum sem er stórt hesthús með reiðaðstöðu á hestasvæði háskólans á Hólum. Bættir innviðir og efling stoðþjónustu mun auka líkur á fjölgun nemenda og rannsóknastyrkja. Við myndun háskólasamstæðu mun einnig Stofnun rannsóknasetra HÍ flytjast til Háskólans á Hólum sem er mikil styrking fyrir Háskólann á Hólum. Háskólaráð vill benda á að efling Háskólans á Hólum mun tvímælalaust efla Hólastað og verða góð viðbót við áform stjórnvalda um eflingu Hólastaðar.



Háskólaráð Háskólans á Hólum vill leggja áherslu á að lögbundið hlutverk Háskólans á Hólum er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Fjármagn til háskóla miðast að þessu hlutverki. Það er stjórnenda skólans að sjá til þess að skólinn nýti það fjármagn sem hann fær frá stjórnvöldum til að uppfylla lögbundið hlutverk sitt sem menntastofnun. Það þýðir samt ekki að Háskólinn á Hólum geti ekki unnið með stjórnvöldum, sveitarfélagi og hollvinum og íbúum Hólastaðar að því að efla Hólastað og hefja hann til vegs og virðingar. Það er vilji Háskólans á Hólum, nú sem endranær að eiga í góðu samstarfi við nærumhverfi sitt og samfélagið allt til að skapa nemendum, starfsfólki og íbúum aðlaðandi umhverfi, jafnt á Hólastað sem og annars staðar.

Hvað varðar aðalbyggingu Háskólans á Hólum, þá hefur háskólinn ekki getað nýtt bygginguna sem skyldi þar sem byggingin er illa farin vegna viðhaldsskorts og hefur hluta af byggingunni verið lokað vegna heilsuspillandi aðstæðna sem þar hafa myndast. Það er á ábyrgð stjórnenda að skapa starfsfólki sínu og nemendum öruggt umhverfi til að starfa í. Einnig uppfyllir byggingin ekki kröfur um hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Engu að síður styður háskólaráð sú áform um að gera bygginguna upp enda hefur hún mikið menningarsögulegt gildi og er staðarprýði fyrir Hólastað.

Líkt og fram hefur komið þá mun Háskólinn á Hólum vera með starfsemi, bæði á Hólum og á Sauðárkróki. Og þó svo að aðalbygging Háskólans á Hólum fái annað hlutverk í framtíðinni þá er það vilji rektors og háskólaráðs að skólinn njóti góðs af þeirri aðstöðu sem þar mun skapast, eins og til kennslu, funda, ráðstefnuhalds o.fl. Forsenda þess er vitaskuld að ráðist verði í bráðnauðsynlegar endurbætur á aðalbyggingunni sem ekki hefur fengið eðlilegt viðhald um langt árabíl og er nú heilsuspillandi a.m.k. að hluta.

Háskólaráð Háskólans á Hólum lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi samtals við forsvarsmenn sveitarfélagsins Skagafjarðar, ríkisins og hollvina og íbúa Hóla um uppbyggingu og framtíð Hólastaðar.

9. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:03